



Hafnarfjörður

Minnisblað

Lagt fyrir fjölskylduráð þiðjudaginn 9. ágúst 2022

Farsældardagur

Þann 1. september n.k. hefur verið boðað til málþings sem hefur fengið heitið Farsældardagur. Fjölskyldu- og barnamálasvið og mennta- og lýðheilsusvið standa saman að málþinginu sem verður haldið í Hásölum, safnaðarheimili Þjóðkirkjunnar.

Tilfni málþingsins eru nýsamþykkt lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi áramótin 2021/2022. Við gerð frumvarpsins var leitað í smiðju Brúarinnar og starfsfólk velferðar- og skólaþjónustu Hafnarfjarðar kom með virkum hætti að mótun þessar nýju laga sem marka tímamót í þjónustu við börn og fjölskyldur.

Hafnarfjarðarbær hefur í rúm 4 ár unnið samkvæmt verklagi Brúarinnar og má sjá árangur þeirrar vinnu í t.d. færri barnaverndartilkynningum og ánægju notenda og starfsfólks sem að málum koma.

Hafnarfjarðarbær hefur rutt brautina í samþættingu og stigskiptingu þjónustu sem eru leiðarstef í nýjum lögum. Með málþinginu er ætlunin að fara yfir þá miklu vinnu sem er að baki, leggja línurnar fyrir komandi vetur, fá fræðslu sem nýtist í vegferðinni og fagna þeim áfanga sem náðst hefur.

Starfsfólk á skrifstofum fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs, forstöðumenn starfsstöðva fatlaðs fólks, skólastjórar leik- og grunnskóla, fulltrúar frá Flensborg og Tækniskóla, fulltrúar frá heilsugæslu, ráðsmenn fjölskyldu- og fræðsluráðs og bæjarfulltrúar hefur verið boðið að sækja málþingið.

Dagskráin liggur ekki endanlega fyrir en unnið er að lokaútfærslu. Ráðuneytisstjóri mennta- og barnamálaráðuneytisins og forstjóri Barna- og fjölskyldustofu hafa orðið við þeirri beiðni að vera með erindi á málþinginu auk þess sem lögð hefur verið fram beiðni þess efnis að mennta- og barnamálaráðherra mæti á málþingið.

Hafnarfjörður 4. ágúst 2022

Rannveig Einarsdóttir,

Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs